

# **Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum**

Ársreikningur 2015

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Skógarbraut 945  
235 Reykjanesbær

kt. 640479-0279

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ársreikningur 2015

Efnisyfirlit.

Áritun óháðs endurskoðenda.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7-12

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við gildandi lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim þá ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 18. maí 2016.

Íslenskir endurskoðendur ehf

Ómar Kristjánsson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---


Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er félag í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau.

Hagnaður ársins nam um 47,3 milljónum króna og eigið fé í lok ársins var 20,7 milljónir króna.


Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2015 með áritun sinni.



Reykjanesbær, 18. maí 2016

**Í stjórn**


  
Einar Jón Pálsson  
Stjórnarformaður

  
Kolbrún Jóna Pétursdóttir

  
Ingbjörg Guðmundsson

  
Guðmundur L. Pálsson  
  
Ólafur Þór Ólafsson

**Framkvæmdastjóri**

  
Berglind Kristinsdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	Áætlun 2015	2014
Rekstrartekjur .....		288.798.592	316.616.000	222.473.239
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	(81.440.499)	(63.183.000)	(79.657.150)
Önnur rekstrargjöld .....		(163.201.171)	(173.858.000)	(116.656.390)
Styrkir .....		(99.815.054)	(74.284.000)	(64.643.334)
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna .....		<u>100.554.801</u>	<u>0</u>	<u>6.599.298</u>
<b>Rekstrarhagnaður (tap).....</b>		44.896.669	5.291.000	(31.884.337)
Fjármunatekjur .....	4	2.621.174	0	10.182.515
Fjármagnsgjöld .....	5	<u>(246.695)</u>	<u>0</u>	<u>(1.261.823)</u>
<b>Tekjuafgangur (halli) ársins .....</b>		<u><u>47.271.148</u></u>	<u><u>5.291.000</u></u>	<u><u>(22.963.645)</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Fjárfestingaverðbréf .....	6	1.250.000	1.250.000
		<u>1.250.000</u>	<u>1.250.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Krafa vegna verkefna .....	7	73.823.947	39.006.287
Viðskiptakröfur .....	7	24.817.486	39.307.064
Krafa á tengda aðila .....	11	75.582.588	54.175.959
Aðrar skammtímakröfur .....	7	0	1.600.651
Handbært fé .....	7	89.296.336	144.255.173
		<u>263.520.357</u>	<u>278.345.134</u>
<b>Eignir</b>		<u>264.770.357</u>	<u>279.595.134</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	8	20.701.325	(26.569.823)
<b>Eigið fé</b>		<u>20.701.325</u>	<u>(26.569.823)</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbindingar .....	9	128.212.071	120.634.439
		<u>128.212.071</u>	<u>120.634.439</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld vegna verkefna .....	10	76.783.572	142.520.713
Viðskiptaskuldir .....	10	14.201.258	19.533.447
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	24.872.131	23.476.358
		<u>115.856.961</u>	<u>185.530.518</u>
<b>Skuldir</b>		<u>244.069.032</u>	<u>306.164.957</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>264.770.357</u>	<u>279.595.134</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjuaafgangur (halli) ársins .....		47.271.148	(22.963.645)
Hækkun á skuldbindingum .....		7.577.632	26.561.447
<b>Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>54.848.780</u>	<u>3.597.802</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(18.727.431)	(31.995.828)
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		<u>(69.673.557)</u>	<u>17.557.410</u>
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>		<u>(33.552.208)</u>	<u>(10.840.616)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keypt fjárfestingaverðbréf .....	6	0	(750.000)
Kröfur á tengd félög .....	11	<u>(21.406.629)</u>	<u>107.627.564</u>
		<u>(21.406.629)</u>	<u>106.877.564</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) handbærs fjár</b> .....		(54.958.837)	96.036.948
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<u>144.255.173</u>	<u>48.218.225</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....	7	<u>89.296.336</u>	<u>144.255.173</u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. desember ár hvert.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sambands sveitarfélag á Suðurnesjum fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Tekjur og gjöld vegna verkefna á vegum sambandsins eru færð í gegnum rekstrarreikning sambandsins en síðan eru áhrif þeirra færð út undir liðnum "Breyting á útlögðum kostnaði verkefna" og flutt á stöðu verkefna í efnahagsreikningi. Þegar verkefni er að fullu lokið er nettóstaða þess færð í gegnum rekstrarreikning og út úr efnahagsreikningi sambandsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrissamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til. Fjármagnskostnaður sem tilheyrir ákveðnum verkefnum er eignfærður meðal krafna eða skulda vegna verkefna í efnahagsreikningi.



# Skýringar

## Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverð eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2015	2014
Laun og bifreiðastyrkir .....	19.402.889	19.516.020
Launatengd gjöld .....	4.427.951	6.470.985
Lífeyrisskuldbindin, breyting ársins .....	7.577.632	26.561.447
Annar starfsmannakostnaður .....	982.717	623.543
Laun og launatengd gjöld verkefna .....	49.049.310	26.485.155
	<u>81.440.499</u>	<u>79.657.150</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	6,5	6,3

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2015 námu 15,6 milljónum króna en fyrir árið 2014 nam fjárhæðin 14,7 milljónum króna.

## 4. Fjármunatekjur

	2015	2014
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	1.003.096	269.922
Vaxtatekjur vegna BS og HES .....	1.247.574	8.817.078
Aðrar vaxtatekjur .....	31.427	780.993
Vaxtatekjur verkefna .....	339.077	314.522
	<u>2.621.174</u>	<u>10.182.515</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2015	2014
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	210.461	1.133.632
Vaxtagjöld verkefna .....	36.234	128.191
	<u>246.695</u>	<u>1.261.823</u>

## 6. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2015	31.12.2014
Eignarhluti í Fisktækniskóla Íslands ehf. ....	1.250.000	1.250.000

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Krafa vegna verkefna

	31.12.2015	31.12.2014
Almenningssamgöngur .....	73.823.947	39.006.287
	<u>73.823.947</u>	<u>39.006.287</u>

### Viðskiptakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Viðskiptakröfur .....	22.738.002	4.639.197
Viðskiptakröfur á aðildarsveitarfélög .....	2.079.484	16.894.143
	<u>24.817.486</u>	<u>21.533.340</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Ríkissjóður .....	0	1.600.651
	<u>0</u>	<u>1.600.651</u>

### Handbært fé

	31.12.2015	31.12.2014
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	89.296.336	144.255.173
	<u>89.296.336</u>	<u>144.255.173</u>

## 8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 01.01.2014.....	(3.606.178)
Halli ársins.....	(22.963.645)
Eigið fé 01.01.2015.....	(26.569.823)
Afgangur ársins.....	47.271.148
Eigið fé 31.12.2015.....	<u>20.701.325</u>

# Skýringar

## 9. Skuldbindingar

### Lífeyrisskuldbindingar við LSR

Á Sambandi sveitarfélaga og samreknium stofnunum hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar úrskurður um lífeyri liggur fyrir en eftir það ber félagið ábyrgð á allri hækkun lífeyris.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur til fjölda ára séð um launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Siuðurnesja (HES) of Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (SS). Sökum þess hvíla lífeyrisskuldbindingar á kennitölu SSS sem tilheyra HES og SS. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingastærðfræðingi miðað við árslok 2012 og uppreiknuð miðað við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til 31.12.2015 auk 2,5% vaxta. Í árslok nemur reiknuð lífeyrisskuldbinding á kennitölu SSS um 180 milljónum króna. Skuldbindingunni er skipt á milli SSS, HES og SS eftir því hlutfalli sem starfsmenn unnu fyrir hverja stofnun fyrir sig..

Eftir skiptingu nemur skuldbindingin fyrir starfsmenn SSS 60,5 milljónum króna í árslok 2015. Til skuldar í reikningsskilum HES eru færðar 63,6 milljónir króna og í reikningsskil Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. eru færðar 55,8 milljónir króna.

Hluti SSS í reiknaðri hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2015 nam um 1,3 milljónum króna og er færð til gjalda meðal launa og tengdra gjalda. Einnig var gjaldfært viðbótarframlag til LSR að fjárhæð 2 milljónir króna.

### Lífeyrisskuldbindingar við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar

Hjá Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar hvílir skuldbinding á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna launa starfsmanna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja.

Fjárhæð skuldbindingarinnar þann 31.12.2015 er 61,4 milljónir króna.

Á árinu 2015 eru gjaldfærðar 6,3 milljónir króna vegna viðbótarframlags til Eftirlaunasjóðsins vegna starfsmanna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja sem laun og launatengd gjöld verkefna.

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Skuldir vegna verkefna

	31.12.2015	31.12.2014
Almannavarnir .....	3.055.802	2.595.673
Blái herinn .....	0	500.000
Heilsugæslustöð vegna lífeyrisskuldbindinga .....	100.946	343.741
Heklan - atvinnuþróunarfélag .....	16.285.849	23.930.014
Menningarmál .....	6.895.610	57.623.618
Nefndalaun .....	2.556.757	2.679.690
Sóknaráætlun .....	21.526.720	8.175.321
Vaxtarsamningur Suðurnesja .....	24.200.000	44.725.041
Æskulýðsmál .....	500.000	0
Öldrunarnefnd - þjónustuhópur .....	1.661.888	1.947.615
	<u>76.783.572</u>	<u>142.520.713</u>

Hluti af eldri skuldum vegna verkefisins Menningarmál vegna óúthlutaðra styrktarloforða var bakfærð og endurúthlutað á árinu. Óúthlutað styrktarloforð Vaxtarsamnings nemur 7 milljónum króna og er vegna úthlutana fyrir árin 2012-2015.

# Skýringar

## Viðskiptaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Innlendar viðskiptaskuldir .....	14.201.258	19.533.446
	<u>14.201.258</u>	<u>19.533.446</u>

## Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Fjármagnstekjuskattur .....	249.515	157.380
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	23.654.318	22.563.977
Aðrar skuldir .....	968.298	755.000
	<u>24.872.131</u>	<u>23.476.357</u>

## 11. Tengdir aðilar

Viðsipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðsipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Kröfur	
	31.12.2015	31.12.2014
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja .....	257.199	136.520
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja .....	19.328.473	6.723.730
Brunavarnir Suðurnesja .....	35.733.248	31.804.969
Reykjanes Jarðvangur ses.....	3.140.221	6.174.684
Markaðsstofa Reykjaness.....	17.123.447	9.336.053
	<u>75.582.588</u>	<u>54.175.956</u>

Meðal viðskiptakrafna eru kröfur á aðildarsveitarfélög SSS, samtals 2,1 milljónir króna.

Framlög sveitarfélaganna á Suðurnesjum til reksturs SSS nam um 4,4 milljónum króna og framlög þeirra til verkefna undir stjórn SSS nam um 42,8 milljónum króna.

## 12. Abyrgðir og önnur mál.

Félagið hefur gert samning um húsaleigu og eru um 5,5 ár eftir af samningstímanum.

## 13. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 15. maí 2015.



